

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð (210. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að laun þeirra sem undir ráðið heyra verði lækkuð tímabundið út árið 2009 um 5-15%.*

Líkt og komið hefur fram í eldri umsögnum Viðskiptaráðs um ofangreind lög þá er það álit þess að alger óþarfi sé að halda úti sérstöku stjórnvaldi til að ákvarða laun tiltekinna aðila. Til að gæta jafnræðis við almenna launþega þá ætti að miða við launavísitölu, enda mælir hún þróun kjaramála á almennum vinnumarkaði – slíkt er jafnframt mun gagnsærra, ódýrara og óumdeilanlegra fyrirkomulag.


Þrátt fyrir ofangreint þá er Viðskiptaráð hlynnt frumvarpi þessu enda felst í því tilraun til að gæta samræmis við almenna þróun á vinnumarkaði, en almennir launþegar hafa tekið á sig verulega kjaraskerðingu að undanfögnu, í formi launalækkana, og munu væntanlega þurfa að taka á sig enn frekari skerðingu á komandi mánuðum.

Hins vegar, ef löggjafinn telur þörf á að viðhalda núverandi fyrirkomulagi þá er alveg skýrt að Kjararáð þarf að hafa frjálssar hendur með það hvort lækka eigi laun þeirra sem undir ráðið heyra ef það liggur fyrir að raungildi launa á almennum vinnumarkaði hefur lækkað eða muni lækka í fyrirsjáanlegri framtíð. Það á ekki að þurfa sérstaka lagabreytingu í hvert skipti sem lækka á laun þeirra sem undir Kjararáð heyrir, á meðan launahækkunarir krefjast einfaldrar ákvörðunar ráðsins.

Fyrst svo er ekki gert að þessu sinni telur Viðskiptaráð rétt lengja það tímabil sem Kjararáði er óheimilt að endurskoða úrskurð um launalækkun til hækkunar. Ríkissjóður er ekki, og verður ekki, næstu tvö árin fær til að standa straum af auknum launakostnaði. Að auki er afar ólíklegt að laun á almennum vinnumarkaði muni hækka að raungildi fyrr en eftir talsverðan tíma, lok næsta árs er því miður ekki raunhæft markmið hvað það varðar.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur til þess að Kjararáði verði fengin almenn heimild til að lækka laun þeirra sem undir ráðið heyra ef ástæða er til að ætla að raungildi launa á almennum vinnumarkaði hafi lækkað eða muni lækka í fyrirsjáanlegri framtíð.**

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs